

Nr. 20-097 S 066 Blængur NK 125**Skipverji slasast á auga**

Skipaskr.nr. 1345
IMO: 7233096
Útgerð: Síldarvinnslan hf.
Smíðaður: Spánn, 1973 stál
Stærð: 1065 brl. 1723 bt.
Mesta lengd: 78,90 m Skráð lengd: 71,0 m
Breidd: 11,60 m Dýpt: 7,90 m
Vél: Wartsila, 3680 kW 1999
Fjöldi skipverja: 24



Blængur © Þorgeir Baldursson

Gögn:

Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 16. desember 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 5. maí 2020 var frystitogarinn Blængur NK 125 á veiðum Vestfjarðamiðum. Veður: S 18 m/s.

Skipverji var að færa afla til í lestinni þegar aðskotahlutur lenti í vinstra auga hans. Reynt var að hreinsa augað en þegar verkirnir jukust í auganu var siglt með slasaða til Ísafjarðar.

Við rannsókn kom fram:

- að plastflís úr bindiborða á fiskikassa stakkst í augað á skipverjanum sem orsakaði sýkingu í því;
- að skipverjinn var að færa til stórlúðu þegar sporðurinn á henni festist undir plastborða á fiskikassa sem slitnaði en á sama tíma beygði skipverjinn sig yfir kassann;
- að augað varð ekki fyrir varnanlegum skaða.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.